

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Týsgata 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 16. mars 2018 breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.2, Lokastígsreits, vegna lóðarinnar nr. 1 við Týsgötu. Í breytingunni felst að setja svalir á húsið sem snúa að bakgarði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skerplugata 9.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 16. mars 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skerplugötu 9. Í breytingunni felst að færa byggingarreit bílgeymslu frá suður lóðarmörkum í norðvestur horn lóðarinnar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugavegur 143 og 145.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 22. febrúar 2018, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar 143 og 145 við Laugaveg. Í breytingunni felst m.a. að hús eru færð nær upphaflegri hönnun, fjölgun íbúða, rífa núverandi rishæðir, hækka hús um eina hæð, ný rishæð byggð ásamt því að reisa nýja viðbyggingu við Laugaveg 145. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 20. mars 2018.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2018